

Dags: 06.09.2024
Höfundur: Kristjana Vilhjálmsdóttir

Minnisblað um fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra endurbóta á Vatnsdalsvegi

Sumarið 2024 fór Vegagerðin þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa vegna fyrirhugaðra endurbóta og breikkunar á Vatnsdalsvegi. Áður hafði Fornleifastofnun Íslands unnið heimildaskráningu í Austur-Húnavatnssýslu árið 2001¹ en að auki hafði Bygðasafn Skagfirðinga skráð fornleifar í landi Sveinsstaða árið 2009² og var stuðst við þau gögn eftir þörfum.

Úttektarsvæðið var um 14,9 km á lengd og náði frá Þjóðvegi 1 landi Sveinsstaða og u.þ.b. að merkmum Undirfells og Snæringstaða. Breidd úttektarsvæðisins var víðast 30 m til beggja átta út frá miðlínu fyrirhugaðrar veglínu Vatnsdalsvegar. Á þremur svæðum var tekin út breiðari lína: Á 100 m kafla í landi Sveinsstaða náði úttektarsvæðið 30 m lengra til vesturs frá miðlínu og á aðskildum 200 og 300 m köflum í landi Helgavatns náði úttektarsvæðið 20 m lengra til austurs.

Þær jarðir sem komu við sögu í skráningunni eru: Sveinsstaðir, Vatnsdalshólar, Miðhús, Breiðabólsstaður, Hnjúkur, Helgavatn, Flaga, Gilsstaðir, Kornsa og Undirfell (með nýbýlinu Nautabúi).³

Að auki voru tekin út fjögur námusvæði við Vatnsdalsveg, alls um 7,1 ha að stærð, en þar af sköruðust 0,4 ha við úttektarsvæði vegarins. Úttektarsvæði vegna náma skiptast í eftirfarandi námusvæði:

- Náma 1: Útvíkkuð skering í landi Sveinsstaða. 0,24 ha.
- Náma 2: Útvíkkuð skering í landi Vatnsdalshóla. 0,47 ha.
- Náma 3: Hnjúksnáma í landi Hnjúks. 5,50 ha.
- Náma 4: Nautabúsnáma í landi Nautabús, Kornsar og Undirfells. 0,89 ha.

Vettvangsrannsókn fór fram í júlí 2024. Gengið var skipulega um úttektarsvæðin, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Skráðar voru allar minjar innan úttektarsvæðisins en einnig voru þeir minjastaðir skráðir sem voru innan við 15 m frá jaðri úttektarsvæðisins þar sem helgunarsvæði fornminja er 15 m út

¹ Sædis Gunnarsdóttir 2001.

² Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga 2010.


³ Skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands miðar við skiptingu jarða eins og hún er skráð í Jarðatali Johnsens frá 1847. Nautabú var byggt úr landi Undirfells 1949 og voru fornleifar innan jarðarinnar því skráðar með Undirfelli.

frá ystu mörkum þeirra.⁴ Alls var skráð 51 fornleif á 37 minjastöðum innan áhrifasvæðis vegarins. Engar fornleifar fundust innan námusvæða.

Minjarnar á rannsóknarsvæðinu eru fjölbreyttar og hægt er að skipta þeim í níu flokka til þess að draga fram helstu einkenni þeirra. Langstærsti flokkurinn er minjar í heimatúnum (22 fornleifar) og endurspeglar það hversu nærri bæjum í dalnum Vatnsdalsvegur liggur víða, en úttektarsvæðið náði inn á heimatún flestra jarðanna eins og þau eru teiknuð á túnakort frá 1918, að Sveinsstöðum, Miðhúsum og Breiðabólstað frátöldum. Jafnframt er þéttni minja ávallt mest í heimatúnum jarða. Í þennan flokk falla útihús s.s. fjárhús, fjós og hesthús, túngarðar, réttir og brunnar.

Bústaðir og býli (6 minjar) eru sett í sérflokk til að draga þær minjar betur fram, en allir þeir bústaðir sem skráðir voru eru þó einnig innan heimatúna. Í þennan flokk falla bæjarhólar og bæjarhús á Kornsa og Flögu, en einnig var skráð hjáleigan Hringhóll HV-193:007_01 í landi Undirfells sem komin var í eyði um 1700.⁵

Graf 1: Skipting skráðra minja í flokka



Fjórar fornleifar flokkuðust til legstaða. Þrjár þessara fornleifa tengjast kumlfundi á Kornsa. Þegar Sýslumannshúsið á Kornsa var byggt árið 1879 fannst ríkulegt kvennmannskuml HV-192:011_01, auk hrúgu af manna- og hest- og hundsbeinum HV-192:011_02 skammt austar.⁶ Jafnframt eru heimildir um að mannabein, hestbein og hundsbein HV-192:011_03 hafi fundist þegar fjárhús var byggt „utan og ofan“ við gamla bæinn, líklega á 18. öld, en nákvæm staðsetning þess fundar er óþekkt.⁷ Ekki er útilokað að fornleifar 011_02 og 011_03 séu í raun allt sömu beinin sem hafi þá

⁴ Ef um friðlýstar fornleifar er að ræða er helgunarsvæði stærra, eða 100 m. Engar friðlýstar minjar voru innan úttektarsvæðisins.

⁵ JÁM VIII, 277.

⁶ KEKH 2016, 125-127; Þjóðólfur 15.10.1879, 106; Árbók 1881, 62.

⁷ Árbók 1881, 62.

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

verið endurgrafin á 18. öld, en út frá þessum heimildum má a.m.k. segja að fleiri en eitt kuml hafi að öllum líkindum verið í kumlateg á Kornsa. Sýslumannshúsið, og þar með kuml 011_01 og 011_02, eru meira en 15 m utan við úttekarsvæði Vatnsdalsvegur en eru höfð með í þessari skráningu til að vekja athygli á því að þar sem mörk kumlategsins eru ekki þekkt er vel mögulegt að fleiri kuml sé að finna á svæðinu. Því er mikilvægt að aðgát sé höfð ef grafið verður nærri bænum. Fjórdi fornleifi sem flokkuð var til legstaða er Ingólfsleiði HV-191:008 í landi Gilsstaða, meintur legstaður Ingólfs Þorsteinssonar sem nefndur er í Vatnsdælu. Þrátt fyrir að staðurinn sé hér flokkaður með legstöðum skal nefna að á fyrri hluta 19. aldar var grafið tæpa 4 m niður í grjótdysina sem þá var greinileg án þess að nokkur „nýlunda“ fyndist.⁸

Tvær fornleifar tengdust nýtingu á úthögum, og var í báðum tilvikum um stekki að ræða. Ein fornleif, heimild um torfristu, flokkaðist til nytjastaða og í flokkinn landamerki féll ein merkjavarða. Næst stærsti flokkur minja á úttekarsvæðinu er samgönguminjar (12 fornleifar) en í þann flokk falla leiðir, traðir, brýr og samgöngubætur (s.s. vörður). Ein fornleif fellur ekki í neinn af áðurnefndum minjaflokkum en það er rjórabú HV-192:026 sem starfrækt var í fáein ár á Kornsa í upphafi 20. aldar.

Að auki voru skráðar tvær fornleifar með óþekkt hlutverk. Í báðum tilvikum má leggja fram tilgátur um möguleg hlutverk, en einkenni fornleifanna eru þó ekki svo skýr að hægt sé að fullyrða um hlutverk þeirra án frekari rannsókna. Önnur fornleifanna, HV-173:038, var upphaflega skráð af Bygðasafni Skagfirðinga og var hún þar einnig skráð með óvíst hlutverk en þess getið að hún minnti á heiðna gröf.⁹ Hin, HV-173:037, er tóft utan heimatúns. Mikill gróður vex á svæðinu og því erfitt að áætla lag hennar með fullri vissu en tóftin virðist geta verið með sveigðum langveggjum sem gæti bent til þess að þarna væri fundinn forn bústaður. Yfirlit um allar skráðar minjar má sjá í töflu 1.

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru að frátöldum þeim fornleifum þar sem ljóst þótti að öll ummerki um minjarnar innan úttekarsvæðisins væru horfnar, bæði á yfirborði og undir sverði. Um er að ræða þrjár fornleifar: landamerkjavörðu HV-178:011 og leiðir HV-180:012 og HV-661:004_01. Fornleifar innan úttekarsvæðisins töldust í stórhættu vegna vegagerðar, alls 30 fornleifar. Fornleifar innan við 15 m utan svæðis voru taldar í hættu og voru þær tíu talsins. Fornleifar lengra utan svæðis voru almennt ekki skráðar nema þær væru hluti af stærri minjasvæðum sem náðu inn á úttekarsvæðið, eða mögulegt þótti að gæti náð inn á úttekarsvæðið, sbr. áðurnefndan kumlateg á Kornsa. Þær átta fornleifar sem falla í þennan flokk teljast í engri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, en geta verið í hættu af öðrum orsökum.

Yfirborðsummerki sáust um 18 fornleifar, eða 35,3% af skráðum minjum. Fjöldi horfinna minja skýrist að miklu leyti af túnasléttun og fyrri vegaframkvæmdum á svæðinu. Þegar litið er til fornleifa sem lenda undir eða eru alveg upp við fyrirhugað vegstæði Vatnsdalsvegur sem samtals eru 16 talsins, má sjá að yfirborðsummerki sjást aðeins í fimm tilfellum. Um er að ræða fjórar eldri leiðir auk Stekkjarhóls HV-191:011 í landi Gilsstaða. Ekki sjást þó merki um stekk á hólnum en mögulegt er að hóllinn sjálfur sé að hluta myndaður af uppsafnaðri mannvist. Af þeim fornleifum sem ekki sjást lengur á yfirborði eru tvær leiðir, tveir kálgarðar, fimm útihús af ýmsum gerðum (fjárhús, fjós, hesthús), rjórabú HV-192:026 við Kornsa og Ingólfsleiði HV-191:008 í landi Gilsstaða. Flestar þessara minja hafa að öllum líkindum horfið við fyrri vegaframkvæmdir á svæðinu. Í mörgum tilvikum er þó mögulegt að minjar leynist undir

⁸ FF II, 474.

⁹ Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga 2010, 38.

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

sverði þrátt fyrir að ekkert sjáist á yfirborði og verður Minjastofnun Íslands að skera úr um hvort mótvægisadgerða sé þörf. Öðrum fornleifum innan svæðisins ætti að vera hægt að forða frá raski verði engar breytingar frá áætlunum og aðgát höfð við framkvæmdir.

Námusvæðin eru vel valin með tilliti til fornleifa þar sem engar minjar fundust innan þeirra. Hafa ber þó í huga að áður óþekktar minjar kunna að koma í ljós við framkvæmdir, hvort sem er á námusvæðum eða við vegstæði Vatnsdalsvegur, og skal þá hafa samband við Minjastofnun Íslands og gera viðvart um fundinn.

Tafla 1: Skráðar fornleifar, ástand og hættumat

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Ástæða
HV-173:029		heimild	rista	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-173:037		tóft	óþekkt	hleðslur signar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-173:038		heimild	óþekkt	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna vegagerðar
HV-174:004		þúst	útihús	sést til	hætta	vegna vegagerðar
HV-174:007	Brunnhúshóll	brunnur	vatnsból	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna vegagerðar
HV-174:012		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna vegagerðar
HV-178:011		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar	á ekki við	
HV-179:014		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-180:002		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-180:003_01		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-180:003_02		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-180:004	Lambhús	heimild	lambhús	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-180:008		tóft	stekkur	hleðslur signar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-180:012		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	á ekki við	
HV-190:001_01	Flaga	bæjarhóll	bústaður	sést til	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-190:001_02		hús	bústaður	undir þaki	engin hætta	
HV-190:001_03		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna ábúðar
HV-190:012	Engjabrúin	vegur	brú	hleðslur standa grónar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-190:017		garðlag	túngarður	hleðslur signar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-191:008	Ingólfsleiði	heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-191:011	Stekkjjarhóll	þúst	stekkur	sést til	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-191:015		garðlag	túngarður	hleðslur signar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-192:004_01		bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	vegna vegagerðar
HV-192:004_02		hús	bústaður	undir þaki	engin hætta	
HV-192:004_03		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna vegagerðar
HV-192:004_04		heimild	bústaður	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna ábúðar
HV-192:004_05		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna ábúðar

*Fornleif er undir eða þétt við fyrirhugað vegstæði.

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Ástæða
HV-192:005		heimild	fjós	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-192:007		heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-192:008		heimild	hesthús	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-192:009		heimild	rétt	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-192:010		heimild	leið	sést til	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-192:011_01		heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna ábúðar
HV-192:011_02		heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna ábúðar
HV-192:011_03		heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna ábúðar
HV-192:026		heimild	rjómabú	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-193:004		heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-193:006		heimild	útiús	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-193:007_01	Hringhóll	heimild	býli	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna vegagerðar
HV-193:007_02		heimild	túngarður	sést til	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-193:007_03		heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna vegagerðar
HV-193:033		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-193:034		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-193:036		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-193:037		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-661:003		gata	leið	sést til	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-661:004_01		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	á ekki við*	
HV-661:004_02		varða	samgöngubót	hleðslur signar	hætta	vegna vegagerðar
HV-661:004_03		varða	samgöngubót	hleðslur signar	hætta	vegna vegagerðar
HV-661:004_04		varða	samgöngubót	hleðslur signar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-671:008		vegur	leið	sést til	stórhætta*	vegna vegagerðar

*Fornleif er undir eða þétt við fyrirhugað vegstæði.

Tafla 2: Fjöldi skráðra fornleifa eftir jörðum

Númer jarðar	Heiti jarðar	Fjöldi skráðra fornleifa	Númer jarðar	Heiti jarðar	Fjöldi skráðra fornleifa
HV-173	Sveinsstaðir	3	HV-191	Gilsstaðir	3
HV-174	Vatnsdalshólar	3	HV-192	Kornsa	14
HV-177	Miðhús	0	HV-193	Undirfell	9
HV-178	Breiðabólstaður	1	HV-661	Fornleifar á fl. en 1 jörð í Sveinsstaðahreppi	5
HV-179	Hnjúkur	1	HV-671	Fornleifar á fl. en 1 jörð í Áshreppi	1
HV-180	Helgavatn	6			
HV-190	Flaga	5			

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

Tafla 3: Hnitaskrá

Samtala	X (A)	Y (N)	Samtala	X (A)	Y (N)
HV-173:029	437073	556194	HV-192:004_05	440361	545439
HV-173:037	437002	556246	HV-192:005	440439	545437
HV-173:038	436597	556548	HV-192:007	440401	545554
HV-174:004	436922	555620	HV-192:008	440351	545643
HV-174:007	436974	555470	HV-192:009	440371	545652
HV-174:012	436933	555534	HV-192:010	440430	545451
HV-178:011	437406	553095	HV-192:011_01	440383	545435
HV-179:014	437951	552259	HV-192:011_02	440386	545436
HV-180:002	438375	551091	HV-192:011_03**		
HV-180:003_01	438397	551050	HV-192:026	440540	545128
HV-180:003_02	438402	551041	HV-193:004	441027	544184
HV-180:004	438428	550986	HV-193:006	440815	544474
HV-180:008	438589	550517	HV-193:007_01	440847	544504
HV-180:012	438402	551080	HV-193:007_02	440813	544554
HV-190:001_01	439414	548235	HV-193:007_03	440845	544502
HV-190:001_02	439401	548241	HV-193:033	440823	544461
HV-190:001_03	439402	548230	HV-193:034	440846	544460
HV-190:012	439442	548247	HV-193:036	441000	544195
HV-190:017	439449	548351	HV-193:037	440726	544703
HV-191:008	439677	546758	HV-661:003	437111	555865
HV-191:011	439802	546450	HV-661:004_01	436814	556477
HV-191:015	439657	546870	HV-661:004_02	436643	556534
HV-192:004_01	440378	545421	HV-661:004_03	436648	556529
HV-192:004_02	440385	545434	HV-661:004_04	436990	556369
HV-192:004_03	440384	545406	HV-671:008	439500	547523
HV-192:004_04	440371	545427			

**Nákvæm staðsetning óþekkt

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

Skýringar á uppmælingum

● Fornleif, engin hætta	■ Torf	--- Leið
● Fornleif, hætta	■ Torf og grjót	--- Fornleif merkt af loftmynd, lína
● Fornleif, stórhætta	■ Grjót	■ Fornleif merkt af loftmynd, fláki
● Fornleif, stórhætta (undir vegstæði)	■ Þúst	 Horfnar fornleifar (gróflega áætluð staðsetning)
● Fornleif, hættumat á ekki við	■ Niðurgroftur	■ Úttektarsvæði
■ Bæjarhóll	— Kantur	— Fyrirhugað vegstæði

Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll kort hér á eftir.

Heimildir

Árbók 1881: Sigurður Vigfússon. 1881. Kornsár-fundrinn. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1880-1881*, 57-64.

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. 2010. *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps. Sveinsstaðir*. 2010/102. Sauðárkróki: Bygðasafn Skagfirðinga.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. 1983. I.-II. bindi. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

JÁM VIII: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1926. VIII. bindi. Húnavatnssýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.


KEKH 2016: Kristján Eldjárn. 2016. Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi. 3. útg. Adolf Friðriksson (ritstj.). Reykjavík: Mál og menning.

Sædís Gunnarsdóttir. 2001. *Menningarminjar í Austur-Húnavatnssýslu: Svæðisskráning*. FS148-01131. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Þjóðólfur 15.10.1879: Sigurður Vigfússon. 1879. Kornsárfundurinn. *Þjóðólfur*, 15. október, 106-107.

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

SJÁLFSSEIGNARSTOFNUN



BRÆDRABORGARSTÍG 9 - 101 REYKJAVÍK. SÍMI: 551 1033. NETFANG: FSI@FORNLEIF.IS. KT. 680695-2969
INSTITUTE OF ARCHAEOLOGY, BRÆDRABORGARSTÍG 9, 101 REYKJAVÍK - ICELAND. TEL. + 354 - 551 1033



FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

SJÁLFSSEIGNARSTOFNUN



Vatnsdalsvegur: Kort 2



BRÆDRABORGARSTÍG 9 - 101 REYKJAVÍK. SÍMI: 551 1033. NETFANG: FSI@FORNLEIF.IS. KT. 680695-2969
INSTITUTE OF ARCHAEOLOGY, BRÆDRABORGARSTÍG 9, 101 REYKJAVÍK - ICELAND. TEL. + 354 - 551 1033

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

SJÁLFSSEIGNARSTOFNUN




Vatnsdalsvegur: Kort 3



HV-178:011

Náma 3

0 50 100 150 200 250 m





FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

SJÁLFSSEIGNARSTOFNUN




FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

SJÁLFSSEIGNARSTOFNUN



BRÆDRABORGARSTÍG 9 - 101 REYKJAVÍK. SÍMI: 551 1033. NETFANG: FSI@FORNLEIF.IS. KT. 680695-2969
INSTITUTE OF ARCHAEOLOGY, BRÆDRABORGARSTÍG 9, 101 REYKJAVÍK - ICELAND. TEL. + 354 - 551 1033



FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

SJÁLFSSEIGNARSTOFNUN



BRÆDRABORGARSTÍG 9 - 101 REYKJAVÍK. SÍMI: 551 1033. NETFANG: FSI@FORNLEIF.IS. KT. 680695-2969
INSTITUTE OF ARCHAEOLOGY, BRÆDRABORGARSTÍG 9, 101 REYKJAVÍK - ICELAND. TEL. + 354 - 551 1033

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS


SJÁLFSSEIGNARSTOFNUN




BRÆDRABORGARSTÍG 9 - 101 REYKJAVÍK. Sími: 551 1033. NETFANG: FSI@FORNLEIF.IS. KT. 680695-2969
INSTITUTE OF ARCHAEOLOGY, BRÆDRABORGARSTÍG 9, 101 REYKJAVÍK - ICELAND. TEL. + 354 - 551 1033

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

SJÁLFSSEIGNARSTOFNUN



BRÆDRABORGARSTÍG 9 - 101 REYKJAVÍK. SÍMI: 551 1033. NETFANG: FSI@FORNLEIF.IS. KT. 680695-2969
INSTITUTE OF ARCHAEOLOGY, BRÆDRABORGARSTÍG 9, 101 REYKJAVÍK - ICELAND. TEL. + 354 - 551 1033



FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N